

valdið sýknu hans í máli þessu og heldur ekki þó að uppdráttur hans og aðferð við staðsetningu samkv. honum hefði orðið einhver orsök til þess, að hann teldi sig ekki toga á landhelgisvæðinu. Um þetta verður að láta ráða úrslitum þær mælingar, sem gerðar voru á varðbátnum, með ábyggilegum tækjum og engin ástæða er að réttarins áliti til að véfengja. Enda er rétt að taka fram, þó það ekki skipti máli fyrir úrslitin, að sá maður, sem hefir verulegan hug á því, að forðast að toga á landhelgisvæðinu, heldur skipi sínu svo fjarri landhelgislinunni, að ekki komi til mála að skipið komi inn fyrir hana, sem auðvelt hefði verið eins og hér stóð á.

Samkvæmt þessu verður að telja sannað, að kærður hafi með framangreindu atferli sínu brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til með því, eftir 3. gr. sömu laga, og með hliðsjón af lögum nr. 4 1924, og að þetta er fyrsta brot hans á þessum lögum, og að gullgengi krónunnar er 0.4921, hæfilega ákveðin 20500 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands og komi 10 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar fáist hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur skulu veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum H.C. 102, „Steckelhörn“ frá Cuxhaven upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 6. maí 1936.

Nr. 24/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ástu Júlíusdóttur

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ölögleg sala áfengis.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 12. okt. 1935: Ásta Júlíusdóttir, Siglufirði, greiði 250.00 kr. sekt í menningar-

sjóð, sæti ella 13 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærð greiði og allan kostnað af máli þessu.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærða er sönn að sök um það, að hafa á ólög-mætan hátt selt eina flösku af áfengi eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Hefir hún þannig gerzt sek um brot á ákvæðum 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sem eru tæmandi að því er brot hennar varðar. Refsing kærðu þykir hæfilega ákveðin af lögregluréttinum, samkvæmt 33. gr. nefndra áfengislaga, 250 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo greiði kærða og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Við meðferð málsins í héraði er það að athuga, að rannsóknardómarinn, sem ákvað málshöfðun gegn kærðu m. a. fyrir brot á ákvæðum 13. gr. nefndra áfengislaga, hefir samt sem áður ekki spurt kærðu um, hvort hún hefði haft vitneskju um, að maður sá, sem hún seldi áfengið, væri yngri en 21 árs. Svo er það og aðfinnsluvert, að héraðs-dómarinn hefir þegar í stefnunni tekið fram, að „upplýst“ sé, að kærða hafi selt ólöglega áfengi, og „með því gerzt brotleg“ gegn tilteknum grein-um áfengislaganna.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Ásta Júlíusdóttir, greiði 250 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera órsökuð. Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Ástu Júlíusdóttur hér í bæ fyrir brot á 13. og 15. gr. áfengislaga 33/1935.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með eigin játningu og einum vitnisburði.

Aðfaranótt 27. júlí s. l. tók lögreglan á Siglufirði eina flösku úr vasa á Birgi Runólfssyni, 18 ára ungling, og kvaðst hann hafa fengið flöskuna hjá Ástu Júlíusdóttur, kærðu, og látið verða eftir hjá henni tæpar 10 krónur án þess að hún heimtaði þær, en hún tók við peningunum, að því er upplýstist í málinu, kr. 9,30, en flaskan kostaði í áfengisverzlun ríkisins, er flaskan var frá, kr. 7.00. Annar verknaður hefir eigi sannazt á kærðu, sem er komin yfir lögaldur sakamanna og eigi áður sætt kærú né refsingú.

Talsmaður kærðrar hefir krafizt, að kærð yrði sýknuð, þar á meðal af 13. gr. því hún hafi ekki vitað, að kaupandinn væri innan 21 árs, þar sem kaupandinn sé mjög

bráðþroska, enda þótt að svo sé, nær engri átt að telja það skilyrði fyrir broti á 13. gr., að sökunautur viti að kaupandi sé innan 21 árs aldurs. Slika vitneskju yrði erfitt að sanna og auðvitað verður sökunautur að hlaupa þá sérstöku áhættu að selja manni áfengi innan 21 árs, þar sem vafi gæti leikið á um aldur kaupanda.

Refsing sú, er kærð hefir unnið til samkv. 13. og 15. gr., þykir hæfilega ákveðin kr. 250.00, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella sæti kærð 13 daga einföldu fangelsi.

Ennfremur greiði kærða allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Enginn óþarfur dráttur hefir orðið á máli þessu.

Mánudaginn 11. maí 1936.

Nr. 30/1935. Sveinn Bjarnason f. h. Kára Baldvinssonar, Guðrúnar Jóhannesdóttur, Óskars Antonssonar, Maríu Jóhannesdóttur, Jóns Edvaldssonar, Guðbjarts Björnssonar og Bjarna Einarssonar, sem þannig er nefndur í stefnunni, en í dómsgerðunum Einar Bjarnason (Garðar Þorsteinsson)

gegn

skiptaráðanda Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar f. h. þrotabús Sigurðar Jóhannessonar og Steingrími Guðmundssyni

(Pétur Magnússon).

Veð í bátum, minni en 5 smálestir, talin eiga að sæta reglum um veð í lausafé.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 16. júlí 1934: Veðrétturinn til handa vélsmið